

## Fengu ekki að skjóta í Örfirisey

Skotfélög voru ekki starfandi um og eftir fyrra stríðið í Reykjavík. Til að koma til móts við fyrirspurnir afréð stjórn ÍR snemma ársins 1919 að taka íþróttina upp á arma sína. Áætlanir miðuðu að stofnun sérstaks skotfélags innan ÍR og var sú félagsstofnun auglýst í Morgunblaðinu 12. apríl. Þeir sem ekki voru meðlimir félagsins og óskuðu að verða þátttakendur í skotflokknum voru hvattir til að gefa sig fram hið fyrsta. Ætlunin var að skjóta af haglabyssum fyrst og fremst.

ÍR hafði þá þegar tryggt sér kennara og gert ráðstafanir til þess að fá byssur og skotfæri. „Góðan skotvöll þarf að velja; og má hann eigi vera mjög nálægt bænum,“ var skrifað af þessu tilefni í Þrótt, félagsblað ÍR. Flutti það og grein eftir Björn Ólafsson stórkaupmann um skotreglur með leiðbeiningum um hvernig skotmaður ber sig að og fer með og hirðir vopn sitt.

„Fyrir mörgum árum var skotfélag í Reykjavík. Í því voru margir afbragðs skotmenn. Nú er félag það dauft og ekkert hefur komið í þess stað,“ segir í grein í Þrótti í mars 1919 sem undirrituð er af svonefndum Don Sanco. Gæti þar allt eins verið um framangreindan Björn að ræða, en hann átti sæti í stjórn ÍR um árabil. Bar hann hag íþróttarinnar fyrir brjósti og var ekki alls kostar ánægður með stöðu mála. „En skotfélagsleysið hefur valdið því að mönnum blæðir ekki í augum þótt byssur þeirra safni ryði á einhverjum gleymdum stað. Það hefur og valdið því, að fáir hafa nú glögga sjón og styrka hönd af því að bera byssu upp að kinn sér. Það hefur og valdið því, að fæstir kunna nú að fara með byssu svo vel sé,“ segir hann ennfremur.

Greinin var endurbirt nokkru seinna í Morgunblaðinu og boðskapurinn var að í bænum þyrfti að stofna skotflokk.

Stjórn ÍR hélt málinu til streitu en fór bónleið til búðar með erindi sín frá yfirvöldum Reykjavíkurbæjar. Með bréfi í maí 1921 fór félagið þess á leit við bæjarstjórnina, eins og þar sagði, að félaginu yrði veitt leyfi til þess að stunda skotæfingar í Örfirisey og gera þar virki sem nauðsynlegt væri til slíkra æfinga.

„Svæði það sem vér þyrftum að nota er norðurhluti eyjarinnar í beinni stefnu frá rústunum, yfir tjörnina og að vörðu þeirri sem vestast er á eyinni. Skotæfingunum verður þannig háttað, að engi hætta getur stafað af, enda verður allt þannig útbúið sem tíðkast í öðrum löndum við skotiðkanir.

Vér væntum að bæjarstjórnin sjái sér fært að veita leyfi þetta, því að um aðra staði hentuga til skotæfinga er ekki að ræða í grennd við borgina. Ef bæjarstjórninni þykir þurfa að setja einhverjar varúðarreglur út af notkun eyjarinnar til skotæfinga erum vér fúsir til þess að gera allt sem krafist verður og nauðsynlegt er þar að lútandi.

Vér vildum mælast til að bæjarstjórnin tæki þetta til meðferðar á næsta fundi, því að oss er mjög áriðandi að fá svar hið allra fyrsta,“ segir í bréfi ÍR. Ekki hlaut erindið þá skjótu afgreiðslu sem vænst var. Eftir að málið hafði farið sína leið innan borgarkerfisins barst ÍR loks niðurstaða málsins um miðjan október. Þar var tilkynnt að hafnarnefndin og bæjarstjórnin hefðu synjað ÍR leyfis til að iðka skotæfingar í Örfirisey.

Fyrir bragðið komst stofnun skotfélags innan ÍR aldrei á flot. Ástæðan var fyrst og fremst mótlætið sem félagið fékk við beiðni sinni um æfingaaðstöðu. Framtak og fyrirætlanir ÍR munu auk þess hafa átt sinn þátt í að Skotfélag Reykjavíkur var lífgað við um haustið. Dró þar með frekar úr nauðsyn þess að ÍR stofnaði skotfélag.

Til skotvopna var gripið löngu seinna á griðasvæði ÍR eða í apríl 2001. Tilgangurinn var ekki eins göfugur og í íþróttunum. Þar komu við sögu nokkrir menn sem komist höfðu í kast við lögin og hugðust gera út um sín mál innbyrðis með óvenjulegum hætti. Farið var með málið af hálfu lögreglu sem tilraun til manndráps þar sem margsinnis var skotið á tvær bifreiðar með mönnum innanborðs. Engan sakaði þó af þess völdum. Að sögn lögreglu var um einstakt mál að ræða þar sem þetta var í fyrsta sinn sem vopnum var að sönnu beitt í svonefndum fíkniefnamálum í landinu.